

**2010 nr. 77 25. júní****Lög um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands**

Tóku gildi 1. júlí 2010. Breytt með l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands skulu sameinast í eina ríkisstofnun er nefnist Þjóðskrár Íslands.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 530. gr.

**■ 2. gr.**

□ Þjóðskrár Íslands er ábyrgðaraðili að almannaskráningu og skal fylgja lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um öryggi gagna, fræðslu og tilkynningarskyldu. Halda skal gagnagrunnum er lúta að almannaskráningu aðskildum frá öðrum skráum ábyrgðaraðila. Þó eru heimilar samkeyrslur til uppfærslna á heimilisföngum. Aðra vinnslu skal tilkynna til Persónuverndar.

**■ 3. gr.**

□ Hlutverk stjórnar skv. 9. gr. laga nr. 6/2001 helst óbreytt. Starfssvið stjórnar nær þó ekki til starfsemi Þjóðskrár Íslands sem fellur undir lög nr. 54/1962 eða annarra laga um starfsemi Þjóðskrár.

**■ 4. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

□ Við gildistöku laga þessara tekur Þjóðskrár Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbindingum Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir eða skuldir beggja aðila í fjárlögum fyrir árið 2010.

**■ 5. gr. . . .****■ Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Starfsmenn Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, sem eru í starfi við gildistöku laga þessara, verða starfsmenn Þjóðskrár Íslands með sömu starfskjörum og áður giltu. Um rétt starfsmanna til starfa hjá Þjóðskrár Íslands fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfufun starfa samkvæmt þessu ákvæði.